Fjallalax ehf.
Strandgötu 1
465 - Bíldudalur

# Skoðunarskýrsla #6080
# Reglubundin skoðun
# FE-1186

Eftirlit framkvæmt 09/09/2026 og skýrsla send 06/10/2026
FE-1186

## Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Jónína Guðmundsdóttir, fóru í reglubundið ítareftirlit í eldisstöð Fjallalax að Hallkelshólum, FE-1186, miðvikudaginn 9. september. Viðstaddir eftirlitið af hálfu eftirlitsþega voru Monica Anna Sitartz, stöðvarstjóri, og Silja Baldvinsdóttir, gæðastjóri, í fjarfundi.

Gengið var um fiskeldisstöðina og eldisker yfirfarin ásamt því að varnir gegn stroki voru skoðaðar. Þá var farið yfir gæðaskjöl og skráningar á skrifstofu eldisstöðvarinnar og óskuðu eftirlitsmenn eftir að fá valin skjöl útprentuð sem og þjálfunarskrár allra starfsmanna eldisstöðvarinnar og frávikaskráningar.

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá yfirlitsmynd yfir eldisstöðina þar sem sjá má eldiseiningar og stærð þeirra, frárennslislagnir og varnir gegn stroki í frárennsli, þar með talið niðurföll og ristar. Ekki var til staðar ein heildstæð mynd sem sýnir þessi atriði heldur voru þær á nokkrum teikningum sem gekk mis vel að finna. Matvælastofnun bendir á að hagræðisins vegna, t.d. þegar kemur upp strok, er gott að hafa eina teikningu sem sýnir alla framangreinda þætti sem auðvelt er að nálgast.

Að eftirliti loknu eru til staðar tvö alvarleg frávik og þrjú frávik. Í ljósi fjölda alvarlegra frávika og frávika í eftirlitsskýrslu þessari gerir Matvælastofnun þær kröfur að úrbótum á alvarlegum frávikum og frávikum verði lokið innan þeirra tímamarka sem fram koma í skýrslunni. Matvælastofnun mun framkvæma eftirfylgnieftirlit að þeim tíma loknum.

Matvælastofnun gefur frest til 18. nóvember 2026 til að ljúka úrbótum vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari.

| Alvarleg frávik | Úrbótafrestur |
|---|---|
| Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir | 18/11/2026 |
| Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Sannprófun | 18/11/2026 |

| Frávik | Úrbótafrestur |
|---|---|
| Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Gæðahandbók | 18/11/2026 |
| Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna | 18/11/2026 |
| Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur | 18/11/2026 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Viðstödd heimsókn** | Fjallalax ehf. | **Undirbúningur** | 1 klst. |
| **Kennitala viðtakenda** | 670809-0720 | **Frágangur** | 5 klst. |
| **Skoðunarmaður** | Magnús Ingi Jónsson | **Tímar við úttekt** | 8 klst. |
| **Tölvupóstur** | mast@mast.is | **Akstur** | 30 mín. |

# Skoðunarskýrsla

**Alvarlegt frávik**

**Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit**

**Frestur til úrbóta: 18/11/2026**

**Viðbragðsáætlanir**

Við yfirferð eftirlitsmanna á viðbragðsáætlunum stöðvarinnar komu eftirfarandi frávik:

Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar er ófullnægjandi og einungis á íslensku. Í viðbragðsáætluninni eru ábyrgðarhlutverk ekki nægilega skýr. Það vantar að tilgreina hvernig tryggja eigi fóðrun og velferð fisksins á meðan á rekstrarstöðvun stendur eða fram að slátrun. Þá þarf einnig að koma fram að þegar rekstur hefst að nýju eða full rekstrarstöðvun eigi sér stað skuli tilkynna það til Matvælastofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar.

Viðbragðsáætlun um massadauða er ófullnægjandi. Í hana vantar að lýsa framkvæmdum og/eða búnaði við að taka dauðan fisk. Þá er hún ekki nægjanlega ítarleg með tilliti til ábyrgðarskiptingar, það er hver gerir hvað og hvernig. Einnig vantar að tilgreina hver fylgist með og metur viðmið affalla sem tilgreind eru í viðbragðsáætluninni.

Viðbragðsáætlun vegna bilunar í búnaði er ekki samþykkt og er einungis á ensku.

Viðbragðsáætlun um ófullnægjandi vatnsgæði var ekki til staðar

Viðbragðsáætlun vegna fárviðris og annarrar náttúruvár var ekki til staðar.

Í ljósi framangreinds skráist alvarlegt frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

---

**Alvarlegt frávik**

**Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit**

**Frestur til úrbóta: 18/11/2026**

**Sannprófun**

Samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 ber að sannprófa að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir strok eða önnur alvarleg óhöpp og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar.

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir að fá afrit af síðustu sannprófun sem framkvæmd var fyrir eldisstöðina útprentaða. Það skjal sem eftirlitsmönnum var afhent er einungis skráning í gátlista frá síðustu sannprófun en ekki sannprófunarskýrslan sjálf né úrbótaáætlun á grundvelli þeirra frávika sem skráð voru í sannprófuninni. Af gögnunum er heldur ekki hægt að sjá að í sannprófunarhópnum hafi verið aðili sem var óháður þeim þáttum sem verið var að sannprófa, að sannprófunin nái yfir alla kafla gæðahandbókarinnar eins og krafa er um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Þá er heldur ekki að sjá af gátlistanum að sannprófunin hafi náð yfir alla þá þætti sem eftirlitsþegi tilgreinir í verklagsreglu um sannprófun.

Í ljósi alls framangreinds skráist alvarlegt frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

---

**Frávik**

**Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit**

**Frestur til úrbóta: 18/11/2026**

**Gæðahandbók**

Eftirlitsmenn óskuðu eftir því að fá að sjá staðfestingu á að árlegur fundur hafi verið haldinn með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvarinnar. Eftirlitsmenn fengu upplýsingar um að haldinn hafi verið fundur bæði árin 2025 og 2026 og fengu að sjá glærukynningu sem farið var yfir á fundinum 2026. Ekki er til verklagsregla um árlegan fund og ekki var haldin fundargerð af fundinum heldur einungis skráð mæting.

Með tölvupósti dags. 10. september og í eftirlitinu sjálfu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá umræddda glærukynningu senda í tölvupósti. Gögnin bárust ekki. Af því sem eftirlitsmenn sáu af glærukynningunni má draga í efa að árlegi fundurinn fjalli um þau atriði sem áskilnaður er um í viðauka III við reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Í ljósi alls framangreinds skráist frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

---

**Frávik**

**Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit**

**Frestur til úrbóta: 18/11/2026**

**Þjálfun starfsmanna**

Á meðan eftirliti stóð óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá sendar með tölvupósti þjálfunarskrár fyrir alla starfsmenn eldisstöðvarinnar. Við yfirferð á þjálfunarskrám starfsmanna er ljóst að þjálfun er ófullnægjandi þar sem starfsmenn hafa ekki lokið þjálfun í grunnþáttum sem lög um fiskeldi nr. 71/2008 og viðauki III reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 gerir kröfur um. Enginn starfsmaður hefur lokið þjálfun í kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins, þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti og þrír starfsmenn hafa ekki fengið þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif. Þá er þjálfun þriggja starfsmanna í að meðhöndlun eiturefna útrunninn.

Samkvæmt verklagi eftirlitsþega um þjálfun og þjálfunarstefnu Blue Planet Academy sem eftirlitsþegi vísar til í verklagi sínu á ákveðni þjálfun að fara fram árlega. Námskeiðið Forvarnir slysasleppinga seiðaeldi er þar með talið. Þegar eftirlitsmenn Matvælastofnunar kom í eftirlitið var hluti starfsmanna eftirlitsþega að taka umrætt námskeið. Sérstaklega var óskað eftir því í eftirlitinu að fá upplýsingar um það

hvenær starfsmenn höfðu tekið námskeiðið síðast. Í ljós kom að þrír starfsmenn eftirlitsþega tóku umrætt námskeið ekki á árinu 2025 þrátt fyrir kröfur um að það eigi að gera árlega. Ljóst er að eftirlitsþegi fer því ekki eftir eigin verklagi um þjálfun starfsmanna eldisstöðvarinnar.

Í ljósi framangreinds skráist frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

**Frávik**

**Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit**
**Verklagsreglur**

**Frestur til úrbóta: 18/11/2026**

Við yfirferð eftirlitsmanna á verklagsreglum stöðvarinnar komu eftirfarandi frávik:

Eftirfarandi verklagsreglur voru einungis á ensku: verklagsregla um skráningu affalla í klakhúsi, verklagsregla um hreinsun á kerjum og verklagsregla um flutning á fisk.

Í verkalagsreglu um flutning fisks vantar að tilgreina viðbrögð komi til frávika, t.d. ef barki eða dæla stíflast eða bilar. Ekki er tilgreindur ábyrgðarmaður verklagsreglunar né markmið hennar.

Verklagsregla um neyðarslátrun og förgun er ekki nægjanlega ítarleg. Það vantar upplýsingar um framkvæmd og viðbragð ef magn dauðfisks er umfram það sem meltutankar eldisstöðvarinnar anna. Verklagsregluna skortir umfjöllun um skráningar þegar verklagsreglan er virkjuð.

Í ljósi alls framangreinds skráist frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

# Niðurlag

Þann 09/09/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 06/10/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 5 skoðunaratriðum, þar af 2 alvarleg frávik og 3 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit: 15 af 17 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af voru 3 frávik og 2 alvarleg frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

**Lagagrunnur eftirlits**

**Eftirfarandi atriði voru skoðuð:**

**Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit**

- Þjálfunarskrá starfsmanna
- Viðbragðsáætlun vegna stroks
- Þjálfun starfsmanna
- Dagbókarfærslur
- Innra eftirlit
- Eftirlit með flutningi á fisk
- Eldisbúnaður og fiskheldni
- Rekstrarleyfi
- Búnaður til að endurheimta fisk
- Viðbragðsáætlanir
- Fóðurgeymsla
- Gæðahandbók
- Verklagsreglur
- Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
- Sannprófun

**Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:**

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Framleiðsluskýrsla

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Aukaafurðir dýra (ABP)